

Kom, fylg mér – Verkefni

Fyrir heimiliskvöld eða ritningarnám –
eða bara til ánægju!


1.–7. júlí

Hamingjuáætlunin

SJÁ ALMA 17–22

Aron og Ammon kenndu báðir um hamingjuáætlun himnesks föður. Þeir kölluðu það endurlausnaráætlunina (sjá Alma 18:36–39 og Alma 22). Farið á síðu 12 til að búa til ykkar eigin hamingjuáætlun.

Fyrir yngri börn: Finnið mynd af börnunum ykkar þegar þau voru smábörn. Sýnið þeim hvað þau hafa stækkað síðan þau voru smábörn! Ræðið síðan um að við erum á jörðinni til að vaxa sem hluti af áætlun himnesks föður.



8.–14. júlí

Verkfæri í áætlun Guðs

SJÁ ALMA 23:–29

Ammon sagði við bræður sína: „Við höfum orðið verkfæri í höndum Guðs til að vinna þetta mikla verk“ (Alma 26:3). Safnið saman hlutum til að búa til tónlist. Búið svo til takta og söngva. Alveg eins og við notum verkfæri til að búa til tónlist, getur Guð notað okkur til að hjálpa til við að byggja upp kirkju Jesú Krists.

Fyrir yngri börn: Búið til einfalda hindrunarbraut. Æfið að fara í gegnum hana! Færið svo hindranirnar og reynið aftur. Útskýrið hvernig konungur Lamaníta fjarlægði hindranir þegar Ammon og bróðir hans vildu kenna fagnaðarerindið í landi hans (Alma 23:3).

MYNDSKRETTING: KATY DOCKRILL

15.–21. júlí

Áminning með tónlistarstólum

SJÁ ALMA 30–31

Alma kenndi: „Allir hlutir sýna fram á, að Guð er til“ (Alma 30:44). Þetta þýðir að allt sem Guð skapaði getur minnt okkur á hann. Setjið upp stóla fyrir alla nema eina manneskju. Látið einhvern spila tónlist og velja hvenær hún er stöðvuð. Þegar tónlistin stöðvast setjast allir á stól. Sú manneskja sem fær ekki stól deilir einhverju sem minnir hana á Guð. Haldið áfram þar til allir eru búnir að deila.

Fyrir yngri börn: Gangið um húsið eða úti. Leitið að hlutum sem hjálpa ykkur að gleðjast og minna ykkur á himneskan föður.



22.–28. júlí

Auka vitnisburð ykkar

SJÁ ALMA 32:–35

Alma kenndi að þegar þið hlustið á orð Guðs og gerið hluti til að sýna trú ykkar, þá mun vitnisburður ykkar vaxa eins og tré (sjá Alma 32:37). Teiknið hluti sem þið getið gert til að stuðla að vexti trés, eins og að vökva það eða tryggja að það fái sólarljós. Teiknið hluti sem stuðla að vexti vitnisburðar ykkar, eins og að fara í kirkju eða biðjast fyrir.

Fyrir yngri börn: Syngið „Trú“ (Barnasöngbókin, 50). Þegar þið syngið, skuluð þið gera eitthvað sem sýnir sáðkorn vaxa og verða hátt og stórt. Ræðið um að auka vitnisburð ykkar.

